

Miðvikudaginn 1. marz 1967.

Nr. 199/1966. **Theodóra Stefánsdóttir**
 gegn
Húsatryggingum Reykjavíkurborgar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Theodóra Stefánsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. marz 1967.

Nr. 90/1965. **Arnoddur Gunnlaugsson** (Jón Hjaltason hrl.)
 gegn
Magnúsi Einarssyni
 (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Elíasson skipstjóri og Páll Þorbjörnsson skipstjóri hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1965. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms voru dómkvaddir tveir kunnáttumenn, sem lýsa skyldu réttum vinnubrögðum við netja-

drátt við sams konar aðstæður og voru um borð í v/b Suður-ey. Hefur álitserð þeirra verið lögð fram hér fyrir dómi. Þá voru og dómkvaddir þeir yfirskoðunarmenn. Var verkefni þeirra þetta:

- „1. Skýr og glögg lýsing, með hverjum hætti manni, sem er við rúllu við netjadrátt, ber að haga sér við netjadráttinn.
2. Skýr og glögg lýsing, hvernig manni, sem er við spilið, beri að haga starfi sínu við netjadrátt og hvert hlutverk hans sé í því sambandi.
3. Athugun og lýsing á aðstæðum um borð í m/b Suðurey, VE 20.
4. Hafði Magnús Einarsson rétt handtök sem rúllumaður, eins og lýst er í skýrslum hans, í því veðri og við þær aðstæður, sem voru umrætt sinn, einkum athugist, hvort vanalegt sé og talið forsvaranlegt, að rúllumaður haldi með vinstri hendi um netin með þeim hætti, sem þar er lýst, þannig að hætta geti verið á, að höndin fari milli teina og rúllu, ef skrikar til á spilskífu.
5. Hefði vanur maður við spilið við þær aðstæður, sem voru, haft aðstöðu til að halda við, þannig að ekki skrikði til á spilskífu, sem er í lagi?
6. Er vanalegt, að skriki til á spilskífum á vetrarvertíðum í Vestmannaeyjum?
7. Hvaða ástæður liggja til þess, að skrikar til á spilskífu við netjadrátt?
8. Hverjar telja yfirmatsmennirnir aðalorsakir til slyssins, eftir því sem upplýst er í málinu?“

Í álitserð yfirskoðunarmanna, sem er dags. 13. þ. m., segir m. a. svo um 2. tl.:

„Sé gott veður og *sléttur sjór*, er tiltölulega auðvelt verk að draga net af spili. En þegar veður er vont og/eða mikill sjór eða ef festur eru (netin föst í botni), getur starf afdráttarmanns verið erfitt og þarfnast þá góðrar aðgæzlu, því að við þær aðstæður er fremur hætta á, að skriki til á spilskífunni, þótt skífan sé í lagi, en það getur verið hættulegt fyrir þá menn, sem við netjadráttinn vinna. Þessi hætta

eykst með versnandi sjóveðri, því að hún á rætur sínar m. a. að rekja til tíðra og snöggra þungabreytinga, sem stafa af veltum bátsins.

Skriki netið snögglega á spilskífu, geta grjót og kúlur slegizt í nærstadda menn og slasað þá. Enn fremur getur það verið hættulegt fyrir þann mann, sem er við rúlluna, sem hafa verður hönd á netinu, a. m. k. annað slagið og þeim mun oftast sem veðrið er verra, vegna þess að í miklum sjó kemur slaki milli alda, og er þá hætt við, að teinarnir falli niður úr spilskífunni.“

3.—8. tl. álitsgerðarinnar er svohljóðandi:

„3. Athugun fór fram um borð í m/b Suðurey laugardaginn 11. febrúar s.l. að viðstöddum þeim Jóni Hjaltasyni, Jóni Hallvarðssyni og Arnoddi Gunnlaugssyni.

Ekkert af þeim sérstaka búnaði, sem notaður er við netjaveiðar, var um borð í bátnum. Auk þess hefur verið skipt um spil, síðan sá atburður gerðist, sem hér um ræðir. Sett hefur verið í bátinn oliudrifið spil í stað öxulspils, sem áður var. Nýja spilið stendur á öðrum stað en hitt spilið gerði. Jafnframt hefur verið skipt um kúplingsstöng, og er hún einnig á öðrum stað en sú eldri var á.

Hins vegar voru á þilfari greinileg verksummerki eftir eldri tækin (spons), sem gáfu greinargóðar upplýsingar um, hvernig þau höfðu verið staðsett og um innbyrðis afstöðu þeirra.

Ekki verður annað séð, að athugun okkar lokinni, en að aðstaða öll hafi verið með venjulegum hætti og óaðfínnanleg.

4. Við sjáum ekkert athugavert við vinnubrögð Magnúsar Einarssonar við rúlluna í umrætt sinn, og teljum við, að við þær aðstæður, sem um ræðir, hafi hann hagað verkum sínum í samræmi við það, sem algengast er.

Starf rúllumanns er þess eðlis, svo sem áður hefur verið lýst, að hann kemst ekki hjá því, ef vel á að vera, að hafa hönd á teinum meira og minna. Þá er alltaf fyrir

hendi sú hætta, að slys hljótist af, ef skrikar á spílskífu.

Við teljum síður en svo óeðlilegt, að notuð sé vinstri hönd á netjunum, þar sem rúllumaður snýr að jafnaði vinstri hlið að netjunum, þegar netin eru dregin inn á stjórnborðssiðu bátsins, svo sem hér átti sér stað.

5. Við treystum okkur ekki til að dæma um þetta beinum orðum. Til þess teljum við okkur nánast hafa þurft að horfa á atburðinn gerast.

Vanur og góður afdráttarmaður veit fyrirfram út frá veltum bátsins, hvenær líkur eru á að netin þyngist verulega og snögglega, þannig að hætta sé á skriki. Hann reynir þá í tíma að gera viðeigandi ráðstafanir, svo sem og aðallega að auka, eins og hægt er, þann flöt skífunnar, sem netin snerta og klemmast í.

Rétt er að hafa í huga, að hér var um að ræða reimdrifið öxulspil, en ekki olíudrifið spil.

- 6.—7. Ekki er hægt að segja, að alvanalegt sé, að skriki til á spílskífum á vetrarvertiðum í Vestmannaeyjum. Þetta kemur þó fyrir, en þykir ekki gott. Þetta fer í flestum tilfellum eftir því, hvort skífan er í fyllsta lagi eða ekki og hvort vanur maður dregur af spílinu eða óvanur.

Ef spílskífan er ekki í fyllsta lagi, heldur hún teinunum verr en annars, og hættara er þá við skriki.

Ef óvanur maður dregur af spílinu, er reynslan sú, að hann gerir síður en vanur maður mundi gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að mæta breytilegum átökum á netjunum, sem verða þeim mun meiri sem veðrið er verra.

8. Við teljum aðalorsök slyssins vera þá, að það skrikaði á spílskífunni á óheppilegu augnabliki.“

Yfirskoðunarmennirnir komu fyrir dóm og staðfestu álitserð sína. Taka tveir þeirra þá fram, að þeir geti ekkert fullyrt um, hvort Valgeiri Jónassyni hefði verið unnt að koma í veg fyrir, að „skrikaði á skífunni.“ Slysið varð 10.

marz 1961 um kl. 1000 árdegis, er báturinn var staddur um 15 sjómílur NV af Vestmannaeyjum. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður þann dag á Stórhöfða í Vestmannaeyjum kl. 0800 V 7 og kl. 1100 V 10. Á Eyrarbakka var veður á sama tíma V 5 og VSV 6. Þennan dag lönduðu 53 bátar afla í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki í ljós leidd nein vangæzla af hálfu áfrýjanda sjálfs. Að áliti yfirskoðunarmanna var umbúnaður í lagi og aðstaða góð um borð í v/b Suðurey. Ekki er sannað, að Valgeir Jónasson eigi nokkra sök á slysinu, en krafa á hendur áfrýjanda, reist á sök Valgeirs, væri auk þess fyrnd, sbr. 3. tl. 251. gr. siglingalaga nr. 56/1914. Samkvæmt þessu er ekki sannað, að slysið hafi borið að með nokkrum þeim hætti, sem áfrýjandi ber ábyrgð á að lögum. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu. Eftir öllum atvikum þykir rétt að láta málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Arnoddur Gunnlaugsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Magnúsar Einarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 10. apríl 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 3. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Magnúsi Einarssyni bifreiðarstjóra, Stóragerði 26, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 25. marz 1963, birtri sama dag, á hendur Arnoddi Gunnlaugssyni skipstjóra, Bakkastíg 9, Vestmannaeyjum, eiganda og útgerðarmanni v/b Suðureyjar, VE 20, til heimtu skaðabóta, samtals að fjárhæð kr. 61.981.00, ásamt 8% ársvöxtum frá 10. marz 1961 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu, þar með talin full mál-færslubóknun fyrir dóminum skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Í lok málsins lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína niður í 7% p. a., en að öðru leyti voru kröfur hans óbreyttar.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann

yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi eftir mati dómsins.

Á vetrarvertíðinni 1961 var stefnandi annar vélstjóri á v/b Suðurey, VE 20, sem er eign stefnda. Í róðri hinn 10. marz það ár, er báturinn var á netjum, varð stefnandi fyrir slysi. Vildi það til að morgni, að því er virðist um tíuleytið, er báturinn var staddur um 15 sjómílnar NV af Eyjum. Vindur var hvass af vestan og mikill sjógangur. Tildrögum slyssins og slysinu sjálfu lýsir stefnandi með þeim hætti, að þegar byrjað var að draga inn fyrstu trossuna í umrætt sinn, hafi hann staðið við rúlluna, en skip-verjinn Valgeir Jónasson dró af spilinu. Er fyrsta netið kom inn, kvaðst stefnandi hafa farið að eins og venja sé til, tekið kúluteininn og kúlurnar, sem voru á endanum, og vafið honum utan um steinateininn til þess að jafna teinana. Steinateinninn lá beint í spilskífunni. Nú þegar hann var að koma kúluteininum inn á spilskífuna og hélt við með vinstri hendi, reið alda undir bátinn, og skrikuðu teinarnir til á skífunni. Í sama bili varð vinstri hönd hans á milli teinanna og rúllunnar, og hlaut hann mikil meiðsli á baugfingri og löngutöng. Gerðist þetta í einni svipan, án þess að honum gæfist tími til að kippa hendinni til sín. Strax eftir slysið var hætt að draga og haldið til Vestmannaeyja. Er þangað kom, var farið með stefnanda á sjúkrahúsið, og var þar gert að sárum hans, en síðan fór hann heim. Í vottorði sjúkrahúslæknisins er meiðslunum lýst á þessa leið:

„Slasaði hefur misst framan af v. baugfingri, góminn og nöglina. Nöglin fór af löngutöng, og fremsta kjúkan er brotin. Baugfingur var rifinn yfir um miðja nögl, og var stykkið, sem hékk aðeins á smá hafti lófamegin, saumað við.“

Stefnandi varð að hætta róðrum við slysið og kveðst hafa verið óvinnufær þar til 7. júlí 1961.

Hinn 29. des. 1961 framkvæmdi Snorri Hallgrímsson prófessor athugun á meiðslum stefnanda og mat örorkutap hans. Í skýrslu hans, dagsettri þann dag, segir á þessa leið:

„Magnús var að sögn óvinnufær til 7. 7. 1961, en þá byrjaði hann akstur leigubifreiðar og hefur stundað það starf síðan. Magnús hefur enn veruleg óþægindi í stúf v. löngutangar. Stúfurinn er sár viðkomu og mjög viðkvæmur fyrir kulda. Þá er dofatilfinning í gómnum á v. baugfingri. Sökum þess hve mikil kulvísi er í löngutöng, hefur Magnús enn ekki treyst sér til að stunda sjómennsku að nýju. Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós:

Meiri hluti fremstu kjúku v. löngutangar vantar ásamt góm,

nögl og naglbeði. Aftan og utan til á stúfendanum er útvaxin smá hornaðra, og er það útvöxtur frá leif af naglrótinni. Lítils háttar hreyfing er í yzta fingurliðnum. Stúfurinn er allsár viðkomu, sérstaklega innan og framan til á stúfnum. Gómur baugfingurs vinstri handar er lítið eitt rýr og aflagaður út frá öri sinn hvoru megin við góminn, en gómurinn mun hafa fletzt frá að framan og hangið á húðflipa framan til á fremstu liðamótunum.

Gómurinn er sem næst tilfinningarlaus, en ekki sár viðkomu. Hreyfing í liðum löngutangar og baugfingurs er sem næst eðlileg. Röntgenskoðun sýnir, að brotnað hefur framan af fremstu kjúku baugfingurs, og hefur brotið ekki gróið.

Fremsta brotstykkið liggur sem smáflís um 2 mm fyrir framan kjúkuspáðann. Þá sést, að efsti hluti fremstu kjúku löngutangar er til staðar og er sæmilega vel lagaður.

Örorkutap Magnúsar vegna afleiðinga framangreinds slyss telst hæfilega metið sem hér segir:

Frá 10.	3.—10.	5. 1961		100%
— 10.	5.— 7.	7. 1961		75%
— 7.	7.— 7.	10. 1961		15%
— 7.	10.— 7.	12. 1961		10%
— 7.	12.			4%

Varanlegt örorkutap telst hæfilega metið 4%.

Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Þórir Bergsson tryggingafræðingur út örorkutjón stefnanda þann 13. marz 1962. Niðurstaðan var sú, að á slysdegi næmi verðmæti vinnutekjutaps stefnanda eftirfarandi:

	6% vextir	7% vextir
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 21.108.00	kr. 21.055.00
Vegna varanlegrar örorku	— 37.375.00	— 32.946.00
Samtals	kr. 58.483.00	kr. 54.001.00

Hinn 12. maí 1964 reiknaði Þórir Bergsson út örorkutjón stefnanda að nýju. Höfðu þá átt sér stað miklar breytingar á launakjörum verkamanna og sjómanna, frá því að fyrri útreikningurinn var gerður. Einnig voru þá fáanlegar meiri upplýsingar um breytingar á kjörum sjómanna. Svo lágu og fyrir nýjar tölur um dánarlíkur íslenskra karla. Af þessum ástæðum reiknaði hann örorkutjón stefnanda að nýju.

Í álitsgerð hans segir á þessa leið:

„Magnús er sagður fæddur 6. des. 1932 og hefur því verið á

slysdegi 28 ára. Staðfest eftirrit af skattframtölum Magnúsar árin 1959—1961 veita eftirfarandi upplýsingar um vinnutekjur hans síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið:

Árið 1958		kr. 40.866.00
— 1959		— 73.136.00
— 1960		— 60.729.00

Árið 1958 hefur hann aflað tekna sinna mest megnis með vinnu í landi, einungis kr. 7.418.00 er aflað með sjómennsku, en árin 1959 og 1960 er 70% teknanna aflað á fiskibátum.

Um breytingar á kjörum kvæntra sjómanna eru til tölur frá úrtaksrannsókn Hagstofu Íslands, og munu þær notaðar við umreikning þess hluta teknanna, sem stafa frá sjómennsku. Einnig er tekið tillit til 6% hækkunar fiskverðs um síðustu áramót. Sá hluti teknanna, sem stafar frá landvinnu, er umreiknaður samkvæmt breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu. Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin.

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	 kr. 71.286.00	kr. 25.366.00
2. — — —	 — 82.136.00	— 3.285.00
3. — — —	 — 91.175.00	— 3.647.00
Síðan árlega	 — 98.601.00	— 3.944.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku		kr. 23.808.00
Vegna varanlegrar örorku		— 47.321.00

Kr. 71.129.00

Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur Magnús fengið greidda dagpeninga fyrir tímabilið 11. apríl 1961 til 6. júlí 1961 kr. 5.220.00, sem ekki hefur verið dregið frá.

Ekki hefur heldur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Reiknað hefur verið með 7% ársvöxtum p. a., dánarlíkum íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Stefnandi telur, að stefndi sem skipstjóri í umræddri veiðiferð

og eigandi og útgerðarmaður skipsins beri fulla fébótaábyrgð á slysinu. Í fyrsta lagi vegna þess, að slysið hafi hlotizt vegna óvarkárni og vankunnáttu skipverjans, sem dró af spílinu, og í öðru lagi vegna þess, að veður var svo slæmt á miðunum, er slysið vildi til, að ekki var réttlætanlegt vegna öryggis áhafnarinnar að láta draga netin í því veðri. Svo telur stefnandi, að vélbátaúngerð sé hættulegur atvinnurekstur, þar sem ávallt sé hættu á slysum, jafnvel þótt við engan sé að sakast, og sé því eðlilegt, að atvinnurekandi beri tjón, sem af hlýzt.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

Tímabundin örorka	kr. 21.055.00
Varanleg örorka	— 32.946.00
Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 20.000.00
Kostnaður við bótareikning	— 1.200.00

Samtals kr. 75.201.00

Þar frá dregst:

Dagpeningar frá Tryggingast. ríkisins	kr. 5.220.00
Bætur frá Bátaábyrgðarfé. Vestm.eyja	— 8.000.00 — 13.220.00

Mismunur kr. 61.981.00

er stefnukrafa málsins.

Eins og kröfur þessar bera með sér, er örorkutjónið byggt á fyrri útreikningi Þóris Bergssonar. Umboðsmaður stefnanda hefur hins vegar krafizt þess, að síðari útreikningur hans verði lagður til grundvallar, er bæturnar verða ákveðnar.

Stefnandi neitar því algerlega, að hann beri fébótaábyrgð á slysinu. Orsakir þess verði ekki raktar til vanbúnaðar skipsins eða óvarkárni skipverja, annarra en stefnanda sjálfs, og veður hafi ekki verið verra en svo, að vel mátti draga net, enda hafi flestir bátar verið á sjó — og net iðulega dregin í verra veðri. Slysið hafi eingöngu viljað til fyrir óvarkárni og aðgæzluleysi stefnanda sjálfs og verði hann þar af leiðandi að bera tjón sitt sjálfur.

Valgeir Jónasson var leiddur sem vitni hinn 12. júní 1964. Kvaðst hann hafa verið viðstaddur, er slysið vildi til. Dró hann af spílinu, en stefnandi var við rúlluna, og að hann minnti stóð stefnandi á upphækkuðum palli í ca. 1½ faðms fjarlægð frá vitninu. Vitnið var 16 ára, þegar þetta gerðist, og kvaðst ekki hafa verið óvant þeim starfa, sem það hafði með höndum, þ. e. a. s. að draga af spílinu. Það sagðist telja, að aðalástæðan til

þess, að slysið átti sér stað, hafi verið sú, að það var þungur sjór og vindur, sem varð þess valdandi, að teinarnir skrikuðu til á spilinu. Engum manni gæti það um kennt, að svona fór. Þá kvaðst það hafa séð, að stefnandi lét lófann vera undir teininum og hélt utanum teininn með hendinni. Sá það þetta, er slysið vildi til, og stefnandi hljóðaði upp. Vitnið bætti því við, að vanir sjómenn haldi ekki þannig um teininn. Þeir hafi ekki hendurnar á teininum og alls ekki svona. Vitnið sagði, að vélstjórinn, Jóhann Steinþórsson, hefði venjulega verið við rúlluna, en í þetta skipti var hann það ekki, en muni hafa staðið stutt fyrir aftan þá, því að hann kom svo að segja strax og stöðvaði spilið. Vitnið minnti, að slysið hefði viljað til að morgni, er þeir voru að draga fyrstu trossuna og lítið hafi verið komið inn. Vitnið sagði, að margir bátar hefðu hætt að draga þennan dag vegna veðurs og farið í land, en þó kvaðst það telja, að veðrið hafi ekki verið svo vont, að ekki hefði verið hægt að draga, en bætti við, að langt væri um liðið, svo að það mundi þetta ekki, eins og það hefði gerzt í gær. Vitnið gat þess, að v/b Suðurey væri nokkuð borðhá og væru því átök nokkru meiri undan veltingi.

Stefndi gaf aðiljaskýrslu. Hann sagði, að fyrsti vélstjóri, Jóhann Steinþórsson, hefði aðallega verið við rúlluna á þessari vertíð, en er slysið vildi til, hafði stefnandi það starf með höndum og muni hann hafa gripið í það starf einhvern tíma áður á vertíðinni eins og aðrir skipsmenn. Valgeir Jónasson hafi verið spilmaður, og var hann venjulega spilmaður á bátnum á vertíðinni, bæði áður og eftir að slysið vildi til. Hann kveðst jafnan hafa aðvarað þá, sem voru við rúlluna, að halda ekki um teininn, enda eigi allir sjómenn að vita, að það er varhugavert. Allt hafi verið í lagi um borð, að því er snertir frágang og útbúnað við spil og rúllu. Hann sagði, að stefnandi hefði verið í æstu skapi daginn, sem slysið vildi til. Var hann nýbúinn að segja upp starfinu og ætlaði að hætta með litlum fyrirvara. Hafi þetta komið sér mjög illa fyrir útgerðina, og kveðst stefndi hafa reynt að fá hann ofan af þessu, en engu tauti varð við hann komið. Hafi þetta átt að verða síðasti róður hans og varð það líka. Hafi stefnandi verið eins og fló á skinni um allt skipið í þessum róðri, áður en slysið vildi til.

Helztu atriðin í aðiljaskýrslu stefnanda eru rakin hér að framman. Hann tók auk þess fram, að hann hefði verið um 6—7 vertíðir á netjum og alls 11 vertíðir í Vestmannaeyjum, áður en slysið vildi til, en eftir það hefur hann aldrei farið á sjó. Hann kveðst

hafa farið eins að og jafnan sé gert, þegar byrjað sé að draga nýja trossu, og hafi hann aldrei séð unnið að þessu á annan hátt. Hann kvaðst álíta, að Valgeir Jónasson hefði ekki haldið nógu vel við og ekki gert ráð fyrir, að alda kynni að ríða undir bátinn og tógin kynnu að skrika til á spilskífunni. Hefði Valgeir haldið nógu vel við, mundu tógin ekki hafa skrikað og ekkert slys orðið. Þá tók hann fram, að þeir hefðu ekki verið varaðir við öldunni, sem reið undir skipið, er slysið gerðist. Í tilefni af frásögn stefnda skýrði stefnandi svo frá, að skipstjórinn á v/b Jóni Stefánssyni, Sigurður Elíasson, hefði komið að máli við hann þann 8. marz og beðið hann að koma sem stýrimann á bátinn. Um kvöldið kvaðst hann svo hafa farið til stefnda og sagt honum frá þessu og einnig, að hann vildi taka boðinu og fara úr skiprúmi hjá stefnda. Ræddu þeir um þetta nokkra stund. Meðal annars kvaðst stefnandi hafa tekið fram, að hann væri óánægður yfir, að Valgeir Jónasson væri á skipinu, bæði vegna þess, að hann væri óvanur og af fleiri ástæðum. Eftir samtalið kvað hann stefnda hafa hringt í Sigurð Elíasson og verið með skæting út af því, að hann vildi ná í mann af skipi hans. Daginn eftir, þann 9. marz, varð síðan úr með samkomulagi allra aðilja, að stefnandi yrði áfram á skipi stefnda. Vottorð liggur fyrir frá Sigurði Elíassyni, er staðfestir þessa frásögn í aðalatriðum.

Auk þess, sem þegar er getið, liggja þessar upplýsingar fyrir um veðrið á slysdegi: Samkvæmt vottorði veðurstofunnar, byggðu á athugunum á Stórhöfða, voru 10 vindstig af vestan kl. 1100 og mikill sjór og snjóél á síðustu klukkustund. Kl. 1400 var vindur V 8 og stórsjór og úrkoma í grennd. Þá segir og í tilkynningu stefnda um slysið, dags. 11. marz 1961, að veður hafi verið mjög vont, er slysið átti sér stað.

Áður er þess getið, að Valgeir Jónasson kvaðst hafa séð, að stefnandi hafi haldið þannig um teininn, að lófinn var undir. Ekki er unnt að leggja trúnað á þetta, vegna þess að þá hefði öll höndin hlotið að verða á milli, en svo var ekki, heldur aðeins fremstu hlutar löngutangar og baugfingurs. Ljóst virðist, eins og stefnandi bendir á, að aldrei hefði til slyssins komið, ef spilmaðurinn hefði haldið nógu vel við. Þykir verða að líta svo á, að þar sem veður var vont og mikill sjógangur, hafi verið skylt að láta vanan mann og öruggan vera við spilið. Þess var ekki gætt, heldur var 16 ára unglingur og óreyndur látinn vera við spilið. Svo virðist einnig sem honum hafi ekki verið gert aðvart um, að

alda væri að ríða undir skipið. Leiðir þetta til þess, að fallast verður á, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysinu.

Um bótakröfur skal þetta tekið fram:

Örorkutjón.

Tryggingafræðingurinn reiknaði í upphafi tjónið á kr. 54.001.00 miðað við 7% ársvexti. Síðar reiknaði hann tjónið á kr. 71.129.00, og lágu þá fyrir traustari upplýsingar, eins og áður er getið. Verður því sá útreikningur hafður í huga. En með tilliti til þess, að varanleg örorka er lítil, og þegar hafður er í huga frádráttur vegna opinberra gjalda og annað það, sem hér verður talið skipta máli, þykir örorkutjónið hæfilega metið á kr. 50.000.00.

Bætur fyrir þjáningar og lýti.

Með tilliti til meiðsla stefnanda og þar sem hann hlaut varanlegt lýti, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 15.000.00.

Kostnaður við bótareikning.

Þessi liður, kr. 1.200.00, hefur ekki sætt andmælum og verður því tekinn til greina.

Samkvæmt þessu eru teknar til greina kr. 50.000.00 + kr. 15.000.00 + kr. 1.200.00, eða alls kr. 66.200.00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og Bótaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, kr. 13.220.00. Mismunurinn nemur kr. 52.980.00, og verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 10. marz 1961 til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Arnoddur Gunnlaugsson, greiði stefnanda, Magnúsi Einarssyni, kr. 52.980.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. marz 1961 til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.